

GÆÐAFRÉTTIR

Mannvirkjagreinar

Efnisinnihald

- Áfangavottanir SI
- Námskeið IÐUNNAR
- Virkniúttektir MVS
- Ný útgáfa af Byggingarreglugerð

“Þessu fréttabréfi er ætlað að minna félagsmenn Samtaka iðnaðarins og meistarafélaganna á aðstoð Samtakanna varðandi gæðastjórnun og rekstur”

-Ferdinand Hansen

Þrjú fyrirtæki með D– vottun

Á síðustu mánuðum hafa þrjú fyrirtæki fengið D–vottun á vegum Samtaka iðnaðarins. Þetta eru fyrirtækin Neyðarþjónustan, Harald & Sigurður og Snókur verktakar.

Nánari kynningu á þessum fyrirtækjum og vottununum undir [Gæðastjórnun á vef SI](#).

Námskeið á vegum IÐUNAR fræðslusetur

IÐAN fræðslusetur áformar að halda eftirtalin námskeið í gæðastjórnun á komandi misserum.

Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka

Ætlað iðnmeisturum sem starfa sjálfstætt. Þátttakendur fá vísir að rafrænu gæðakerfi iðnmeistara.

Gæðakerfi í byggingariðnaði

Ætlað verktökum og eftirlitsaðilum sem starfa m.a. fyrir opinbera verkkaupa.

Græðum á gæðum

Er ætlað þeim iðnmeisturum og byggingarstjórum sem vilja bæta hæfni sína til að sinna innra eftirliti samkvæmt byggingarreglugerð. Hentugt námskeið fyrir þá sem hafa fengið athugasemdir við virkniúttektir á gæðakerfum sínum. Best er ef þátttakendur koma með hönnunargögn úr verki sem þeir eru að vinna.

Gæðakerfi í SharePoint—Office 365

Hentugt námskeið fyrir þá sem vilja nýta sér möguleika tölvunar við gæðastjórnun. Áhersla lögð á flýtleiðir í windows 10. Þetta er einnig hentugt námskeið fyrir þá sem vilja læra grunnatriði við notkun tölvu.

Raunkostnaður útseldrar þjónustu

Á þessu námskeiði er leiðbeint við útreikninga á útseldri vinnu og þjónustu út frá eigin kostnaðarforsendum. Lögð er áhersla á einfalda framsetningu.

“ÁRÍÐANDI”

[Ný útgáfa af](#)

[byggingarreglugerð](#)

tók gildi í maí 2016.

Því miður er ný

reglugerð ekki vistuð

undir sama linki á vef

MVS og eldri útgáfur

og því er hætt við að

margir séu með link

inn á eldri útgáfur.

Hægt er að fá pdf

skjal hjá SI með

linkum á helstu lög og

reglugerðir.

Virkniúttektir á gæðakerfum iðnmeistara og byggingarstjóra í fullum gangi

Iðnmeistarar og byggingarstjórar sem hafa skrifað upp á ábyrgðaryfirlýsingar leyfisskyldra verka á síðustu tólf mánuðum eru þessa dagana að fá tilkynningu um virkniskoðun á gæðakerfunum. Hægt er að leita aðstoðar SI vegna athugasemda skoðunarmanna.

*Í dag getur þú lagt grunninn að góðum morgundegi
..... í stað þess að eyða tímanum í að redda gærdeginum!*